

Reglur um leyfi og stuðning við endurmenntun og starfstengt nám starfsmanna Vestmannaeyjabæjar

Markmið þessara reglna er að einfalda starfsmönnum að auka við sig menntun, þekkingu og færni í starfi með því að veita þeim leyfi og/eða stuðning til náms.

Nám að beiðni stofnunar eða yfirmanns

Þegar um er að ræða nám að beiðni stofnunar eða yfirmanns, skal starfsmaður halda óskertum launum og stofnunin greiða þann kostnað sem fellur til vegna námsins. Nánari útfærsla verði með samkomulagi starfsmanns og forstöðumanns hlutaðeigandi stofnunar.

Stytttri leyfi til endurmenntunar að beiðni starfsmanns

Um námskeið og annað styttra nám fer eftir símenntunaráætlun þar sem hún er til staðar, eða nánara samkomulagi milli forstöðumanns og hlutaðeigandi starfsmanna um fræðsluþörf.

Ólaunað lengra námsleyfi að beiðni starfsmanns

Um ólaunað leyfi vegna lengra náms er samþykki háð því að starfsmaður hafi verið í starfi hjá Vestmannaeyjabæ í a.m.k. 3 ár og námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir starfsmanninn og vinnustaðinn.

Hámarkslengd ólaunaðs námsleyfis er eitt ár.

Vestmannaeyjabær greiðir ekki ferða- og námskostnað innanlands í þeim tilfellum sem ósk starfsmanns um námsleyfi er veitt.

Í umsóknum sem senda skal bæjarráði til umfjöllunar, komi fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám og námstíma, umsögn næsta yfirmanns og aðrar upplýsingar ef þurfa þykir.

Launað leyfi/heimild til náms samhliða starfi

Forstöðumaður, með fyrirfram samþykki framkvæmdastjóra, getur veitt starfsmanni heimild til viðurkennds háskóla- eða iðnnáms (svo og starfstengt nám sem metið er til Fein eininga sem Starfsþróunarnefnd BSRB og ASÍ gefur út) samhliða starfi, án launaskerðingar. Heimild til slíks náms ræðst m.a. af fjölda umsókna og fjarveru starfsmanna. Stuðningur er háður því að námið tengist réttindum og/eða hæfni í viðkomandi stöðu.

Starfsmaður skal óska formlega eftir stuðningi til framkvæmdastjóra síns sviðs. Með umsókn skal fylgja umsögn forstöðumanns.

Stuðningur Vestmannaeyjabæjar takmarkast við:

- Að starfsmaður hafi verið í starfi hjá Vestmannaeyjabæ í a.m.k. 3 ár.
- Launaðrar fjarveru til ástundunar í námslotum í allt að 5 daga á önn (hámark 10 daga á ári).
- Staðfestingu á skólavist og umfangi náms (einingafjöldi)
- Heimild til að nýta sér aðstöðu í stofnun viðkomandi starfsmanns utan vinnutíma.
- Allt að átta námsöllum.

Starfsmaður greiðir sjálfur fyrir skólavist og annan námskostnað. Bent er á starfsmenntunarsjóði stéttarféлага hvað varðar mögulega námsstyrki.

Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 3. desember 2019